

31. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í fundarstofu SASS, 24. október 1995.

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Guðmundur Hermannsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Samningur við Gám, hreinsunarþjónustu Hafnarfirði, dags. 6. okt. 1995.

Lagður fram og staðfestur á grundvelli samþykktar aðalfundar.

2. Erindi frá Gámaþjónustunni hf., dags. 18. okt. 1995.

Til kynningar.

Samþykkt að afla ákveðinna upplýsinga frá Verkfræðistofu Suðurlands og fela framkvæmdastjóra að semja greinargerð um málið.

3. Samningur Sorpstöðvar Suðurlands og Ræktunarsambands Flóa og Skeiða um urðun, dags. 2. okt. 1995.

Samningurinn staðfestur.

4. Tilboð í hitaveitu að Sorpstöð Suðurlands, Kirkjuferjuháleigu.

Samþykkt að taka lágsta tilboði frá Gröfutækni hf. og Flúðaplasi hf. að upphæð kr. 1.852.455.-

5. Staða framkvæmda og reksturs á urðunarsvæði. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 4. september s.l.

Í bréfinu kemur fram að efnafræðileg súrefnisþörf sigvatns er yfir mörkum og einnig járn sem talið er eiga eðlilegar, náttúrulegar skýringar.

Samþykkt að fela Verkfræðistofu Suðurlands að finna lausn á fyrra atriðinu en varðandi síðara atriðið var samþykkt að leita eftir breytingu á starfsleyfi við Hollustuvernd ríkisins.

Framkvæmdastjóri greindi frá stöðu framkvæmda á svæðinu.

6. Matsgerð Gunnars Eydal, vegna málareksturs eigenda Hvalsbrúnar, Ölfusi, á hendur Ölfushrepps, vegna skipulagsmála í tengslum við staðsetningu sorpurðunarsvæðis í Kirkjuferjuháleigu.

Samþykkt að boða til fundar með stjórn og lögmönnum Ölfushrepps og Sorpstöðvarinnar og Páli Bjarnasyni frá Verkfræðistofu Suðurlands.

7. Staða máls Auðsholts á hendur Sorpstöðvar Suðurlands.

Formaður dreifði minnispunktum frá fundi hans og fulltrúa Talnakönnunar hf. Framkvæmdastjóri skýrði frá vettvangsferð dómkvaddra matsmanna og málsaðila og þeirri upplýsingaöflun sem unnið er að.

8. Söfnun og endurvinnsla á pappír. Bréf Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 11. okt. s.l. og bréf bæjarstjórans á Selfossi, dags. 19. okt. s.l.

Framkvæmdastjóri skýrði frá viðræðum við Sorphirðuna og Gámaþjónustuna um þessi mál.

Fundi slitið kl. 11.45.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Guðmundur Hermannsson.
Þorvarður Hjaltason.